

HSP 303: Siðfræði

Brautarval í 4. bekk félagsfræðibrautar

Sigurður Ólafsson

Áfangalýsing

Í þessum áfanga kynnst nemendur nokkrum helstu viðfangsefnum siðfræðinnar og kenningum og hugmyndum er að þeim lúta, svo sem afstæðis- og algildishyggju, nytjastefnu, heillastefnu og lögmálskenningum, frelsi og réttlæti, samvisku, löstum og dyggðum. Litið er á kenningar þessar og hugmyndir í sögulegu samhengi og þær tengdar ýmsum siðferðilegum vandamálum samtímans, sem m.a. spretta af þróun samfélagshátta, tækni og vísinda. Fjallað verður sérstaklega um ýmis siðferðileg álitamál sem tengjast m.a. fóstureyðingum, líknardrápi, þagnarskyldu, drykkjusýki, ofbeldi, sjálfsmorðum, refsingum, uppeldi, dýratilraunum, erfðabreytingum, gagnagrunnum, stríði etc. Nemendur flytja fyrirlestra byggða á völdum íslenskum siðfræðigreinum og andmælendur úr þeirra hópi varpa ljósi á efnið og efnistöð fyrirlesara og reyna að skoða málið frá sem flestum sjónarhornum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- átti sig á innviðum siðferðis og flokkun siðferðisgæða.
- geri sér glögga grein fyrir forn-grískri heillastefnu í kenningum Sókratesar, Platons og Aristótelesar.
- þekki siðfræðileg viðhorf stóuspeki og kristni og geti borið saman við náttúru réttarkenningar og sáttmálahugmyndir nýjaldar.
- kunni skil á skyldusiðfræði Kants og nytjastefnu Mills og útlínum kenninga Hegels, Nietzsches og Kierkegaards um siðfræði og tilgang lífsins.
- öðlist innsýn í helstu stefnur og strauma í siðfræði 20. aldar, m.a. dyggðafræði, samræðusiðfræði, tilvistarspeki og póstmóðerníska afstæðishyggju.
- fái skýra mynd af siðferðilegum vandamálum sem heilbrigðisstéttir þurfa að glíma við og ólíkum úrlausnum þeirra.
- fái rækilega þjálfun í lausn siðferðilegra álitamála, m.a. með hjálp klemmusagna og skírskotun til ólíkra siðfræðikenninga í því sambandi.
- læri að nálgast erfið siðferðileg vandamál, t.d. sjálfsmorð, sífjaspell eða drykkjusýki, af varúð, tillitssemi og hlutlægni; “aðgát skal höfð í nærveru sálar.”

Námsefni: *Stefnur og straumar í siðfræði*, eftir James Rachels. Auk þess ýmislegt ítarefni.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar, verkefnavinna, samræður.

Fyrirlestur: Nemendur, tveir saman, flytja fyrirlestur á önninni. Tveir verða einnig til andmæla. Skila skal handriti til kennara tveimur dögum fyrir flutning.

Námsmat: Skriflegt próf gildir 70% af einkunn; fyrirlestrar og verkefni gilda 30%.

Lausleg kennsluáætlun:

1. vika: Hvað er siðferði?
2. vika: Menningarleg afstæðishyggja.
3. vika: Siðfræðileg hughyggja.
4. vika: Eru trúarbrögð forsenda siðfræðis?
5. vika: Sálfræðileg sérhyggja.
6. vika: Siðfræðileg sérhyggja.
7. vika: Nytjastefnan.
8. vika: Rökræðan um nytjastefnuna.
9. vika: Eru til algildar siðareglur?
10. vika: Kant og virðingin fyrir persónum.
11. vika: Samfélagssáttmálinn.
12. vika: Dyggðasiðfræðin.
13. vika: Hvernig liti fullnægjandi siðfræðikenning út?
14. vika: Samræðusiðfræði.
15. vika: Samantekt.

Með fyrirvara um breytingar.